

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR fyrir árið 2014



Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2014



Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 4. febrúar 2014 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2014 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Ríkharður Hrafnkelsson og Gunnar Geir Gústafsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Rúnar Þór Karlsson

Haldnir voru 14 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Gunnar Geir Gústafsson form.

Vallar- og húsnefnd: Ríkharður Hrafnkelsson form

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Rúnar Þór Karlsson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: Elsa Valgeirsdóttir form.

Öldunganefnd: Haraldur Óskarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri: Guðgeir Jónsson

Yfirþjálfari/umsjónarmaður unglunga: Einar Gunnarsson PGA kennari

Í sumar voru um 20 starfsmenn í vinnu hjá GV í rúmlega 7 stöðugildum. Auk þess voru fjöldi félagsmanna sem unnu í ýmsum sjálboðaliðastörfum fyrir klúbbinn.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ um nokkurt skeið og var endurkjörinn á síðasta golfþingi í nóvember 2013.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

Mótahald



Árið 2013 voru skráð mót og verkefni klúbbsins á www.golf.is 27 þar af nokkur lokuð mót og boðsmót. Af þessum 27 mótum voru 16 auglýst sem opin mót og þáttakendafjöldi í þeim um 1016 eða að meðaltali 64 í hverju móti.

Auk skráðra móta á www.golf.is voru haldin fjölmenn boðsmót eða lokuð mót m.a. hjá Eimskip og Íslansbanka, Herminator Open, nokkur innanfélagsmót, unglíngamót og mótaráð öldunga GV.

Mótafjöldi og þáttakendafjöldi í mótum var því svipaður og árið 2013 en veður var ekki mjög hagstætt í sumar og hefur það áhrif á þáttöku í mótum

Stærsta einstaka mót sumarsins var Icelandair Volcano Open golfmótið sem haldið var í samstarfi við Icelandair í nýunda skiptið. 120 þáttakendur voru skráðir til leiks og tókst mótið að vanda mjög vel á goslokahelginni. Undirbúningur fyrir Icelandair Volcano open 2015 er þegar hafinn og stefnir allt í gott mót í ár og þegar byrjaðar að berast skráningar í mótið.

Ekkert stigamót á Eimskipsmótaráðinni var í Eyjum í ár þar sem 15 flötin var ekki í leik en við fengum tvö verkefni frá golfsambandinu þ.e. Sveitakeppni öldunga, 2. Deild og Íslandsmót 35 ára og eldri sem haldið var um miðjan júlí og tókst það vel og voru þáttakendur 105 talsins. Íslandsmeistararar voru þau Tryggvi Valtýr Traustason og Ragnhildur Sigurðardóttir.

Sveitakeppni GSÍ, 2. deild karla, öldunga, fór fram í Eyjum í ágúst mánuði og sigraði sveit GV og spilar því í fyrstu deild að ári. Þá var eitt LEK mót í Eyjum í september mánuði og mættu 71 þáttakandi í mótið.

Stærstu mótin sem haldin voru í Eyjum sumarið 2014 voru eftir þáttakendafjölda:

Icelandair Volcano Open 120þáttakendur

Íslandsmót 35 ára og eldri 105 þáttakendur

La Sella, Heimsferðir, 84 þáttakendur

Opna sjómanna mót Ísfélags Vestmannaeyja 75þáttakendur

Lek mót, samskipsmótaráðin, 71 þáttakandi

Kiwanis/Oddfellow/Akoges 70 þáttakendur

Meistaramót GV, 61 þáttakendur

Á formannafundi GSÍ í nóvember 2014 voru kynnt drög að mótaskrá GSÍ fyrir árið 2015 og verður sveitakeppni 2. deild í Eyjum í ágústmánuði og annað stigamótið á Eimskipsmótaröðinni verður í Eyjum í maímánuði.

Annað mótahald er fyrirhugað með hefðbundnum hætti m.a. Icelandair Volcano Open í byrjun júlí.

Völlurinn og mannvirkji



Árið 2014 fór vel af stað gróðurlega séð og lítilsháttar klaki sem hafði legið yfir flötum í desember var horfinn snemma í janúar og voru fyrstu mánuðir ársins fremur mildir. Hitinn hækkaði ekki mikið í mars og apríl og var ekki hægt að byrja að vinna almennilega í vellinum eins snemma og vonast hafði verið eftir. Fljótlega haustið áður hafði einnig verið ljóst að flatir og teigar við sjávarsíðuna myndu þola veturinn illa og mikil grasþekja myndi líklega tapast, sem varð raunin. Fjórðing var í 3 stórum gróðurdúkum fyrir flatir sem voru notaðir til að koma gróðri af stað eins snemma og mögulegt var um vorið og munaði mikið um þá. Með notkun þeirra var hægt að sá í verst fögnu flatirnar í byrjun apríl þó að hitastigið væri ekki nema í kringum 5°C.

Ákveðið var að 15. flötin yrði endurbyggð frá grunni og var 15. leikin á bráðabirgðafötum sem þar var 3 hola á meðan. Framkvæmdir hófust við nýju flötina þann 22. mars með greftri. Þar var öllu efni mokað í burtu og flötin byggð upp samkvæmt ráðleggingum sérfræðinga. Einnig var sett upp tölvustýrt vökvunarkerfi umhverfis flötina sem er nauðsynlegt við uppbyggingu og viðhald flata við þessar aðstæður. Sáð var í flötina þann 27. maí og tókst vel til og var byrjað að nota flötina aftur þann 20. september.

Fyrsti sláttur á flötunum var 4. apríl og þá var einnig opnað inn á sumarflatir á 1-12 en um mánuði seinna var opnað inn á Hamarinn og þá með fjórum bráðabirgðafötum til að byrja með vegna aðstæðna en vorið hafði verið frekar kalt. Ekki lagaðist veðrið mikið þegar leið á sumarið og var það almennt frekar kalt og vætusamt fyrir utan nokkra góða daga inn á milli. Haustið var síðan ágætt og grasið á flötunum hélt áfram að vaxa langt fram eftir hausti og var síðasti sláttur ársins 19. nóvember. Eins og staðan var undir lok árs virðist ekki vera ástæða til annars en að vera bjartsýnn á komandi tímabil. Nokkrir SV- og V- stormar hafa þó herjað á okkur í vetur sem þýðir mikinn sjógang yfir völlinn en vonandi verður hægt að skola saltið niður áður en það fer að valda miklum skemmdum.

Haldið var áfram samstarfi við Bjarna Hannesson grasvallafræðing og vallarstjóra GK og heimsótti hann okkur nokkrum sinnum yfir árið og var okkur m.a. innan handar við uppbyggingu á 15. flötinni. Í janúar voru tekin jarðvegssýni úr öllum flötum vallarins og nokkrum brautum og send til greiningar. Niðurstöðurnar voru síðan skoðaðar með Bjarna og kom þá í ljós eins og raunar var vitað að saltmagnið var alltof hátt í öllum flötum nema þeirri 3. T.d. var saltmagnið í 17. flötinni u.þ.b. fjórfalt meira en grasið ætti að þola. Þá var sett upp áætlun um hvernig væri best að skola því úr jarðveginum m.a. með götun, söndun og notkun á gífsi og vatnsmiðlunarefnum. Einnig var keyptur rafleiðnimælir sem mælir gróflega saltmagnið í jarðveginum þannig að hægt sé að fylgjast með stöðunni reglulega.

Gönguleið var merkt meðfram 15. brautinni og reistar tröppur við 15. teig og upp úr lautinni fyrir framán hann fyrir göngufólk. Stígur var einnig gerður sunnan við 14. flöt sem tengir gönguleiðina við veginn. Kláraðar voru framkvæmdir við göngustíg frá Mormónastyttunni og að 16. teig en slæm veður undir lok árs skoluðu þeim stíg því miður að einhverju leiti í burtu og verður hann lagfærður við fyrsta tækifæri.

Geymsluþrær voru reistar á geymslusvæði uppi á Hamri með 4 hólfum þar sem hægt er að geyma jarðveg, svartan sand og gulan og nætur sem fara yfir glompur. Enn á þó eftir að klára frágang þar í kring og er stefnt að því að klára þann frágang og tengingar við stíga á árinu 2015. Sandur, eða skortur á góðum sand hefur verið töluvert vandamál á vellinum þar sem sá sandur sem við höfum fengið hefur verið of grófur og hefur farið mikill tími í að hreinsa mól úr honum af flötunum. Vonir standa þó til að það leysist með nýju neti sem hefur verið keypt. Í sumar var fenginn nýr vinnubíll og sanddreifari sem auðveldar og flýtir mikið fyrir söndun en eins og bent hefur verið á áður er létt söndun einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda góðum flötum.

Annars hafa flatir verið í ágætu standi í sumar. Áburðargjöf hefur minnkað og með notkun á vaxtarstjórnunarefnum hefur slátturtíðni lækkað sem minnkar álagið á grasið en ætti að þetta svörðinn. Nú er yfirleitt slegið annan hvern dag og valtað á móti. Eitt af vandamálunum í sumar, eins og síðasta sumar, var mikið af ornum og moldarhrúgur sem fylgja þeim á flestum flötum á gamla vellinum. Reynt hefur verið að minnka vandamálið sem þessu fylgir en mjög erfitt er að koma í veg fyrir þetta í mikilli vætutíð eins og hefur verið.



Nokkrar framkvæmdir eru á dagskrá á árinu. Byrjað er á framkvæmdum við glömpu á fyrir framan 12. flöt en hún verður minnkuð og dýpkuð og kanturinn hlaðinn til þess að minnka fok yfir flötina sem hefur lengi verið vandamál. Til stendur að stækka tvo teiga. 2. teigurinn verður stækkaður aftur og brautin lengd um nokkra metra af gulum og hvítum teigum auk þess sem teigurinn verður allur sléttaður. 17. teigurinn verður einnig stækkaður í áttina að 7. flöt til þess að mæta álagi og þá verður vonandi hægt að slá af grasi þar meirihlutann af sumrinu. Auk þess verður kanturinn á teignum hlaðinn. Þá er stefnt á nokkrar minni háttar framkvæmdir eins og lagfæringar á teigum, t.d. rauða teignum á 1. og fleiri eftir því sem tími gefst til. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um endurbætur á öðrum flötum á vellinum en þau mál hafa verið rædd innan vallarnefndar og stjórnar síðustu misseri m.a. um 14. flöt og aðrar flatir og ákvarðanir um hvort, hvenær og þá hvaða flatir verða lagfærðar eða endurbyggðar verður vonandi hægt að taka á árinu 2015. Í skoðun er að kaupa fyrir sumarið nýjar handflatarslátturvélar og tæki til að raka/slétta glömpur.

Varðandi önnur mannvirki þá var hefðbundið viðhald á golfskála m.a. við málun ofl. Klárað var að loka æfingaskýli en eftir á að klára æfingaskýlið að innan og aðkomu að skýlinu.

Á árinu 2013 gerði GV samkomulag við Vestmannaeyjabæ um að leggja, á kostnað bæjarins, göngustíg með hamrinum þ.e. frá Mormónastyttunni suður fyrir 14. flöt. Hófst sú framkvæmd í lok árs 2013 og var henni lokið á árinu 2014 voru byggðar litlar timburbrýr meðfram 15. flöt og er stefnan svo að tengja stígana við stígakerfi bæjarins við sandþrærnar austan við 14. flöt. Göngustígar þessir hafa verið mikið notaðir af göngufólki og ferðamönnum.

Guðgeir Jónsson, grasvallarfræðingur var ráðinn í starf vallarstjóra og hóf hann störf í upphafi árs 2014. Gerður var samningur á milli GV og ÍBV Íþróttafélags um samstarf varðandi umhirðu golfvallarins og knattspyrnuvallanna með það í huga að bæta vellina og fá menntaðan grasvallarfræðing til starfa við golfvöllina og íþróttavelli bæjarins á ársgrundvelli. Guðgeir er í heilsársstarfi hjá GV en gerður var samningur við ÍBV um þjónustu GV við aðra íþróttavelli bæjarins en golfvöllinn.



Unglinga og afreksstarf



Barna-, unglunga- og afreksstarf var stór þáttur í starfi klúbbsins síðastliðið ár eins og áður.

Karlasveit GV keppti í Sveitakeppni GSÍ, sveitin spilaði í 2. Deild í Öndverðarnesi en sveitin spilaði í annarri deild árið á undan einnig. Sveitin endaði í þriðja sæti og spilar því áfram í annarri deild að ári í Eyjum. Sveitina skipuðu : Örlygur Helgi, Gunnar Geir, Einar Gunnarsson , Hallgrímur Júlíusson, Rúnar Þór Karlsson, Jón Valgarð Gústafsson og Guðgeir Jónsson. Liðsstjóri var Bjarki Guðnason

Öldungastarfið var mjög öflugt á árinu. Sveit eldri kylfinga spilaði í annarri deild í Eyjum og sigraði mótið og keppir í fyrstu deild að ári. Sveitina skipuðu þeir: Ágúst Ómar Einarsson, Ásbjörn Garðarsson, Böðvar Vignir Bergþórsson, Ingibergur Einarsson, Magnús Þórarinnsson, Ríkharður Hrafnkelsson, Sigurjón Hinrik Adolfsson, Sigurjón Pálsson og Stefán Sævar Guðjónsson, Liðsstjóri: Haraldur Óskarsson

Vestmannaeyjameistarar GV árið 2014 eru Örlygur Helgi Grímsson og Sara Jóhannsdóttir sem sigraði opinn kvennaflokk. Örlygur Helgi var jafnframt valinn kylfingur ársins árið 2014 í áttunda sinn á árlegu hófi ÍBV héraðssambands sem haldið var í Höllinni í byrjun janúarmánaðar 2015.

Stjórn klúbbsins hefur unnið að því leynt og ljóst að efla enn freka barna og unglungastarf á komandi árum. Stór partur af þeirri vinnu var að klúbburinn réði Einar Gunnarssons PGA golfkennara til að sjá um barna og unglungastarf klúbbsins. Hann hefur líka komið að nýliða- og kvennastarfi klúbbsins. Stjórnin er mjög ánægð með störf Einars og hefur náð samningum við hann um áframhaldandi störf og mun Einar vera í fullu starfi fyrir klúbbinn allt árið frá janúarmánuði 2015 og hyggst flytja búferlum til Eyja með fjölskyldu sína. Þjóðum við þau Einar og Söru og börnin velkomin til Eyja.

Barna- og unglungastarf GV var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þó var nokkuð bætt í varðandi unglungana með starfsemi afreks hóps. Unglingarnir hófu æfingar fljótlega eftir áramót og mættu til æfinga vikulega. Einar og Ragnar Guðmundsson sáu um æfingarnar. Í lok mars hélt afreks hópurinn í vel heppnaða æfingaferð til Costa Ballena á Spáni þar sem æft var af krafti við bestu aðstæður. Afreks hópurinn stóð að söfnun fyrir ferðina og tókst, með góðri

aðstoð foreldra, að fjármagna ferðina að fullu. Mikill kraftur var í foreldrahópnum og eiga þau þakkar skyldar fyrir þá vinnu. Einnig komu mörg fyrirtæki í Vestmannaeyjum að því að styrkja hópinn til ferðarinnar og er þeim þakkað vel fyrir.

Aftekshópurinn hélt áfram að æfa eftir ferðina með það að markmiði að vera kominn í gott form fyrir mót sumarsins. Stefnan var sett á að lækka forgjöf hvers og eins bæði með þátttöku í mótum sem og að spila forgjafarhringi. Flestir lækkuðu sig í forgjöf og nokkrir peyjar sem voru hvað duglegastir lækkuðu verulega og eru í dag með forgjöf sem er í kringum afreksefnamarkmið GSÍ.

Í lok maí komu nemendur Grunnskólans í Vestmannaeyjum í SNAG kennslu sem var hluti af vordögum nemenda. Einar og Katrín Harðardóttir íþróttakennari sáu um námskeiðin og tókst vel til. Stefnan er sett á að fá grunnskólahópana árlega í heimsókn á slík námskeið.

Við skólalok í byrjun júní hófust daglegar æfingar fyrir börn og unglinga. Eins og undanfarin ár var starfræktur Golfleikjaskóli Sparisjóðs Vestmannaeyja þar sem yngsti hópur kylfinga tók sín fyrstu skref. Þátttaka var með ágætum fyrri hluta sumars en þegar leið á sumarið minnkaði þátttakan. Veðurfar hafði töluverð áhrif á þátttökuna og varð nýliðun meðal þeirra yngstu því ekki eins mikil og búist var við.

Daglegir æfingahópar voru settir upp með tveimur aldursskiptum drengjahópum og einum stúlknaþópi. Þátttaka var góð meðal drengjanna en stúlknaþópurinn var mjög fámennur. Ljóst er að skoða þarf sérstaklega hvernig hægt er að fá fleiri stúlkur til að æfa golf hjá okkur.

Einar Gunnarsson golfkennari hafði yfirumsjón með starfsemi barna- og unglिंगastarfsins. Leiðbeinendur á æfingum sumarsins ásamt Einari voru þau Sara Jóhannsdóttir og Daníel Ingi Sigurjónsson .

Nokkrir unglingar tóku þátt í mótum GSÍ þ.e Áskorendamótaröðinni og Íslandsbandamótaröðinni. Þrjú unglingar tóku þátt á fullum krafti og náðu þeir ágætum árangri. Daníel Ingi Sigurjónsson komst í 16 manna úrslit í Íslandsmótinu í holukeppni sem er mjög góður árangur. Lárus Garðar Long keppti á Íslandsbankamótaröðinni og stóð sig vel á meðal hinna bestu og lækkaði forgjöf sína mikið í sumar. Kristófer Tjörvi Einarsson lék á Áskorendamótaröðinni og sigraði þá mótaröð og lækkaði forgjöf sína töluvert í sumar.

Meistaramót barna og unglinga var haldið í meistaramótssvikunni. Leikið var í tvo daga í fjórum flokkum. Um 40 þátttakendur voru í mótinu sem tókst með ágætum. Í flokki 14 ára og yngri sigraði Kristófer Tjörvi en í flokki 15 til 18 ára sigraði Daníel Ingi Sigurjónsson.

Í ágúst mánuði fór fram Suðurlandsmót barna- og unglinga í Eyjum en auk þátttakenda frá GV voru kylfingar frá Selfossi og Hveragerði. Mótið tókst vel og var það mál manna að viðhalda þurfi slíkum mótum í framtíðinni.

Yfir sumartímamann voru haldin minni mót í æfingatímum kylfinganna. Alls kyns golfleikir voru settir upp í slíkum mótum.

Sveitakeppni GSÍ í flokki unglinga var haldin í ágúst. GV sendi sveit í keppni 15 ára og yngri sem haldin var á Selsvelli á Flúðum. Sveitina skipuðu 5 kylfingar þeir Lárus Garðar Long, Ágúst Marel Gunnarsson, Kristófer Tjörvi Einarsson, Nökkvi Snær Óðinsson og Jörgen Freyr Ólafsson. Leikinn var högggleikur í fyrstu umferð sem skar úr um í hvaða riðli hver sveit keppti í kjölfarið. Sveitin náði að vinna sér sæti í A riðli og endaði mótið í 7. sæti af 16 sveitum. Þjálfari og leikmenn voru ánægðir með árangurinn og náði sveitin þeim markmiðum sem sett voru upp fyrir keppnina.

Því miður náðist ekki að manna sveit í flokki 16 – 18 ára en vonandi nær GV að vera með sveitir í báðum flokkum að ári.

Nýliðastarf GV gekk vel á árinu. Haldin voru byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið sem voru mjög vel sótt. Fullt var á námskeiðin og þurfti að bæta við námskeiði m.v það sem lagt var upp með í byrjun sumars.

Eftir námskeiðshaldið hélt Einar utan um hópinn þannig að einu sinni í viku fóru nýliðarnir út á völl og spiluðu 9 holur undir handleiðslu Einars. Nýliðun meðal fullorðina var góð á árinu og ljóst er að halda þarf áfram að halda utan um þennan hóp meðlima ásamt því að kynna golfíþróttina fyrir fleiri Eyjamönnum.

Félagsstarf, notkun golfvallar



Félagafjöldi í GV er lítið breyttur á milli ára og eru í dag um 368 félagar yfir 16 ára í GV og um 78 15 ára og yngri, samtals um 446 félagar eða um 10% af heildarfölda bæjarbúa sem teljast verður nokkuð gott hlutfall. GV er áfram 10 stærsti klúbbur landsins talið í fjölda félaga.

Skráðir unglingar í GV eru um 78 og leggur klúbburinn mikla áherslu á öflugt barna og unglingastarf og ráðning Einars mun efla það starf ennþá frekar. Nýliðastarfið og kvennastarfið hefur verið að eflast mikið. 67 konur eru nú skráðar í klúbbnum og þar af byrjuðu nítjan á árinu 2014 og tíu árið 2013, fjöld kvenna í klúbbnum hefur því nær tvöfaldast á síðustu tveimur árum sem er ánægjuleg þróun. Nauðsynlegt er að halda vel utan um þetta starf og ráðning golfkennara í ársstarf er mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Fleiri félagar skilar klúbbnum öflugra félagsstarfi og meiri tekjum. Í síðustu ársskýrslu var fjallað um þá miklu fjármuni sem Vestmannaeyjabær hefur á undanförunum árum lagt í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Eyjum og fannst golfurum þeirra hlutur ekki nægur í fjáruútlátum til íþróttamannvirkja og fengum við loks skilning bæjaryfirvalda og í þriggja ára áætlun Vestmannaeyjabæjar er gert ráð fyrir 15 milljóna króna framlagi á ári, árin 2014, 2015 og 2016 til uppbyggingar á aðstöðu GV. Fyrstu 15 milljónirnar komu til greiðslu á árinu 2014 og voru þær notaðar til að byggja upp 15. flötina, klára æfingaskýlið, til uppbyggingar á sandþróum austan við 14. flöt og til frekari uppbyggingar á vellinum.

Gott samband og góð samvinna stjórnar og starfsmanna klúbbsins við félagsmenn, bæjaryfirvöld, bæjarbúa og fyrirtæki eru okkur lífsnauðsynleg og hefur stjórn lagt mikla vinnu í að rækta það samband.

Eins og við þekkjum er aðgengi að vellinum gott og við höfum talsvert svigrúm til að bæta við okkur félagsmönnum og notum á vellinum. Félagafjöldi hefur staðið í stað undanfarin ár en á síðustu árum varð talsverð aukning í notkun aðkomumanna. Skiptir þar höfuðmáli ný höfn í Landeyjum og styttri ferðatími til Eyja. Veðurfar skiptir okkur miklu máli eins og aðra golfvelli varðandi notkun en veður var ekki með besta móti sumarið 2014. Rástímaskráning hefur verið í þróun hjá okkur en erfitt hefur verið að temja heimamenn til að skrá sig á völlinn. Skráð notkun á vellinum sumarið 2014 var eftirfarandi:

Mái: 911 hringir, þar af 461 GV félagar

Júní: 2.287 hringir, þar af 1.212 GV félagar

Júlí: 3.080 hringir þar af 1.046 GV félagar

Ágúst: 1.953 hringir þar af 855 GV félagar

September: 788 hringir þar af 337 GV félagar

Samtals eru þetta um 9.000 skráðir hringir á þessum fimm mánuðum eða um 1.800 hringir að meðaltali á mánuði. Heimamenn eru með tæplega 4.000 hringi skráða af þessum 9000 hringjum. Rástímaskráning er þá ekki alveg virk, sérstaklega hjá heimamönnum og áætluð er að heildarnotkun vallarins á þessum fimm mánuðum séu um 13 þúsund hringir sem er ekki mikil notkun á góðum golfvelli.

Af framansögðu er ljóst að mörg krefjandi verkefni eru framundan. Á síðasta ári bar hæst uppbygging á nýrri 15 flöt sem mönnum sýnist að hafi tekist vel. Talsverð umræða hefur verið innan stjórnar og vallarnefndar um hvort fara eigi í frekari uppbyggingu eða lagfæringar á flötunum við sjávarsíðuna og hafa þá 14. og 18. flatir helst verið nefndar en stjórn ákvað að fara ekki í aðgerðir á árunum 2015 en fyrirhugað er að taka ákvarðanir um næstu skref á árinu.

Í byrjun maí 2014 var fyrirhugað Skotlandsferð félaga í GV sem skipulögð var af þeim bræðrum Haraldi og Herði Óskarssonum og Gunnlaugi Grettissyni. Ekki náðist nægjanleg þátttaka í ferðina og var hún því ekki farin.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Kjöl Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.



Fjármál og rekstur



Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu. Tekjur klúbbsins hækkuðu úr tæpum 65 milljónum í tæplega 69 milljónir eða um 6%. Móta og vallargjöld hækka úr tæpum 14 milljónum í rúmlega 17 milljónir eða um rúmlega 20% og tekjur af árgjöldum hækka úr tæpum 16 milljónum í 17,5 milljónir sem er um 10% hækkun. Útgjöld hækka úr 60 milljónum í 66 milljónir sem er 10% hækkun en á árinu var klúbburinn í talsverðum framkvæmdum m.a. við 15 flötina, sandþrær ofl. Til viðbótar við framangreindar tekjur fékk klúbburinn framlag frá Vestmannaeyjabæ uppá kr. 15 milljónir til að mæta framkvæmdum og var því klúbburinn að velta um 84 milljónum króna á árinu.

Lausafjárstaða er ágæt og hefur stjórn lagt á það áherslu að eiga alltaf nægt laust fé til að mæta daglegum rekstri, launum, afborgunum lána og nauðsynlegum útgjöldum og hefur ekki þurft að reka klúbbinn á yfirdrætti. Við höfum verið að borga niður skuldir klúbbsins. Langtímaskuldir eru í dag um 25 milljónir og er þar um að ræða eitt lán hjá Íslandsbanka sem er í dag á 7,3 % vöxtum. Hefur stjórn reynt að borga lánið hraðar niður en upphaflega var gert ráð fyrir og hefur það gengið vel.

Tekjur af flatargjöldum og mótum hækkuðu eins og að framan segir sem er ánægulegt en nauðsynlegt er fyrir klúbbinn að auka tekjur m.a. vegna aukinna útgjalda en í dag eru þeir starfsmenn í vinnu fyrir klúbbinn á ársgrundvelli þ.e. framkvæmdastjóri, vallarstjóri og golfkennari.

Árgjöld eru áfram lægri en hjá þeim klúbbum sem við berum okkur saman við.

Hér má sjá full árgjöld hjá nokkrum klúbbum sem gera út 18 holu golfvelli og eru með heildarstarfsemi í byggðum sveitarfélögum:

GO	98.500
GR	90.000
GK	88.500
GKG	88.700
GKJ	80.000
GA	77.000

GL 75.000
GS 72.000

Meðaltal 85.000

Gerð er eftirfarandi tillaga að hækkun árgjalda fyrir sumarið 2014.

Skipting félagsmanna	Gjaldskrá 2014	Tillaga um breytingu 2014
Fullt gjald	65,000,-	66.500
Hjón *2	117,000,-	119.700 (59.850)
70.ára +	32.500,-	33.250
NL.gj. 1ár	37.000,-	40.000
NL.gj. 2.ár	42.000,-	42.000
Nemagj. (fullorðnir)	37.000,-	37.000
Aukaaðild	40.000,-	40.000
14-17 ára	25.000,-	25.000
13 ára og yngri	25.000,-	25.000

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 2009 eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi.

Heildartekjur vegna árgjalda árið 2014 voru um 17,5 milljónir króna og nái þessar tillögur fram að ganga verða heildartekjur af árgjöldum um 18 milljónir árið 2015 eða um 26 % af áætluðum tekjum klúbbsins.



Að lokum



Eins og að framan segir þá stendur Golfklúbbur Vestmannaeyja ágætlega í dag en mörg krefjandi verkefni eru framundan. Á árinu 2015 þurfum við að taka ákvörðun um hvort og þá hvaða frekari framkvæmdir fara skal í við flatir við sjávarsíðuna, klára þarf æfingaskýli og tækjageymslu, byggja þarf upp teiga og fleira.

Innra félagsstarfið þarf að efla og auka og er ég sannfærður um að það munum við gera m.a. með bættri æfingaastöðu og ráðning golfkennara í fullt starf allt árið mun án efa efla innra starf klúbbsins.

Eins og áður segir eru nú þrír starfsmenn komnir í heilsársstarf hjá klúbbum sem eflir starfið en kallar um leið á enn frekara aðhald í rekstri klúbbsins. Þjónusta við félagsmenn og gæði vallar og starfsemi klúbbsins á að aukast með þessum aðgerðum.

Eins og undanfarna vetur verður skrifstofan opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka, stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins, fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 29. janúar 2015
f.h. stjórnar.
Helgi Bragason, formaður

Myndir í ársskýrslu:
Úr safni GV
Óskar Pétur Friðriksson
Einar Gunnarsson
Guðgeir Jónsson
Sigurjón Pálsson

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Árið 2014

ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2014, reksrarreikningi 1. janúar 2014 – 31. desember 2014 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 14.210.003.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2014 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.

Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 158,529,821.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 með undirritun sinni.


Vestmannaeyjum 25. janúar 2015

Í stjórn


Helgi Bragason


Haraldur Óskarsson

Ríkharður Hrafnkelsson


Hörður Óskarsson


Gunnar Geir Gústafsson


Sigurjón Pálsson

Rúnar Þór Karlsson

Framkvæmdastjóri

Elsa Valgeirsdóttir

REKSTRARREIKNINGUR

FRÁ 01/ 01/ 14 TIL 31/ 12/14

<u>Rekstartekjur</u>		<u>2014</u>	<u>2013</u>
Söluverðmæti.....	kr.	10.126.687	9.242.328
Móta- og vallargjöld.....	kr.	17.134.953	13.854.390
Árgjöld.....	kr.	17.520.500	15.936.000
Framlög og styrkir.....	kr.	24.083.610	25.811.769
Rekstrartekjur alls	kr.	68.865.750	64.844.487
<u>Rekstarkostnaður</u>			
Vörunotkun.....	kr.	9.555.846	7.852.664
Laun og launatengd gjöld.....	kr.	24.027.620	21.643.042
Almennur rekstarkostnaður.....	kr.	28.409.838	26.207.878
Fyrningar.....	kr.	4.985.680	4.334.693
Rekstarkostnaður alls	kr.	66.978.984	60.038.277
Hagnaður fyrir vexti		1.886.766	4.806.210
<u>Fjármunatekjur og gjöld</u>			
Vaxtatekjur	kr.	90.818	82.617
Vaxtagjöld og verðbætur.....	kr.	-2.767.581	-2.698.177
Fjármunatekjur og gjöld alls	kr.	-2.676.763	-2.615.560
<u>Aðrar tekjur</u>			
Framlag til lækkunar skulda			
Framlag til æfingaskýlis	kr.	15.000.000	10.000.000
Aðrar tekjur alls	kr.	15.000.000	10.000.000
Hagnaður ársins	kr.	14.210.003	12.190.650

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 2014

EIGNIR

2014

2013

Veltufjármunir:

Sjóðir og bankainnistæður.....	kr.	2.722.676	4.852.162
Viðskiptamenn.....	kr.	986.548	951.528
Virðisaukaskattur.....	kr.	117.865	0
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja	kr.	800.000	800.000
Vörubirgðir.....	kr.	350.000	350.000
Veltufjármunir alls	kr.	4.977.089	6.953.690

Fastafjármunir:

Innréttingar.....	kr.	1.651.208	1.942.598
Golfvöllur.....	kr.	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld	kr.	12.811.596	9.382.465
Fasteign.....	kr.	78.680.568	75.535.561
Fastafjármunir alls	kr.	183.143.372	176.860.624

EIGNIR SAMTALS **kr.** **188.120.461** **183.814.314**

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skammtímaskuldir:

		2014	2013
Fyrirframinnheimtar tekjur.....	kr.	0	3.500.000
Ógreiddir áfallnir vextir.....	kr.	1.934.098	1.962.768
Ógreiddar viðskiptaskuldir.....	kr.	917.919	2.396.908
Virðisaukaskattur.....	kr.	0	16.954
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	1.309.676	1.309.676
Ógreitt vegna starfsfólks.....	kr.	319.752	185.634
Skammtímaskuldir alls	kr.	4.481.445	9.371.940

Langtímaskuldir:

Íslandsbanki Nr. 188599 í ÍSK.....	kr.	26.418.871	31.432.232
	kr.	26.418.871	31.432.232
Næsta árs afborganir langtímalána.....	kr.	1.309.676	1.309.676
Langtímaskuldir alls	kr.	25.109.195	30.122.556

Skuldir alls kr. **29.590.640** **39.494.496**

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári.....	kr.	144.319.818	132.129.168
Hagnaður (- tap) ársins.....	kr.	14.210.003	12.190.650
Annað eigið fé alls	kr.	158.529.821	144.319.818

Eigið fé alls kr. **158.529.821** **144.319.818**

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS..... kr. **188.120.461** **183.814.314**

ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og efnahag klúbbsins 31. desember 2014.

Vestmannaeyjum 25. janúar 2015


Gunnar Gunnarsson


Guðni Sigurðsson

GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

2010 - 2014

EFNAHAGSREIKNINGUR 2010 - 2014

Eignir

	2014	2013	2012	Nóv-Des 2011	2010-2011
<u>Veltufjármunir:</u>					
Sjóðir og bankainnistæður..... kr.	2.722.676	4.852.162	2.985.614	2.584.612	5.518.304
Viðskiptamenn..... kr.	986.548	951.528	1.351.912	2.062.434	10.378.238
Euró..... kr.	0	0	0	0	86.330
Vísa..... kr.	0	0	0	0	0
Óinnheimtir vextir..... kr.	0	0	0	0	0
Virðisaukaskattur..... kr.	117.865	0	4.892	28.665	7.908
Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja kr.	800.000	800.000	800.000	800.000	800.000
Vörubirgðir..... kr.	350.000	350.000	350.000	350.000	350.000
Veltufjármunir alls kr.	4.977.089	6.953.690	5.492.418	5.825.711	17.140.780
<u>Fastafjármunir:</u>					
Innréttingar..... kr.	1.651.208	1.942.598	2.285.411	2.688.719	1.942.598
Golfvöllur..... kr.	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000	90.000.000
Vélar og áhöld kr.	12.811.596	9.382.465	8.110.222	9.541.437	0
Fasteign..... kr.	78.680.568	75.535.561	63.397.466	62.300.449	75.535.561
Fastafjármunir alls kr.	183.143.372	176.860.624	163.793.099	164.530.605	167.478.159
EIGNIR SAMTALS	kr. 188.120.461	183.814.314	169.285.517	170.356.316	184.618.939

EFNAHAGSREIKNINGUR 2010 - 2014

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	2014	2013	2012	Nóv-Des 2011	2010-2011
<u>Skammtímaskuldir:</u>					
Skuldir við bankastofnanir kr.	0	3.500.000	0	0	3.500.000
Ógreiddir áfallnir vextir..... kr.	1.934.098	1.962.768	437.694	7.908	453.337
Ógreiddar viðskiptaskuldir..... kr.	917.919	2.396.908	2.533.328	2.695.315	2.303.959
Virðisaukaskattur..... kr.	0	16.954	0	0	16.954
Næsta árs afborganir langtímalána... kr.	1.309.676	1.309.676	1.358.360	0	1.309.676
Ógreitt vegna starfsfólks..... kr.	319.752	185.634	226.303	427.783	646.034
Skammtímaskuldir alls kr.	4.481.445	9.371.940	4.555.685	3.131.006	8.229.960
<u>Langtímaskuldir:</u>					
Íslandsbanki Nr. 188559 - ÖVT..... kr.	26.418.871	31.432.232	33.959.024	42.177.280	61.287.727
kr.	26.418.871	31.432.232	33.959.024	42.177.280	61.287.727
Næsta árs afborganir langtímalána... kr.	1.309.676	1.309.676	1.358.360	0	0
Langtímaskuldir alls kr.	25.109.195	30.122.556	32.600.664	42.177.280	61.287.727
Skuldir alls kr.	29.590.640	39.494.496	37.156.349	45.308.286	69.517.687
<u>Eigið fé</u>					
Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári..... kr.	144.319.818	132.129.168	125.048.030	117.197.118	91.289.807
Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigi kr.	0	0	0	0	-2.095.866
Hagnaður (- tap) ársins..... kr.	14.210.003	12.190.650	7.081.138	7.850.912	25.907.311
Annað eigið fé alls kr.	158.529.821	144.319.818	132.129.168	125.048.030	115.101.252
Eigið fé alls kr.	158.529.821	144.319.818	132.129.168	125.048.030	115.101.252
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS kr.	188.120.461	183.814.314	169.285.517	170.356.316	184.618.939

